

8

4. marz

SAMNINGUR**milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku um pósthöglaviðskipti.**

Í umboði ríkisstjórna sinna, og að því tilskildu, að fullgilding æðri stjórnarvalda, sem hlut eiga að máli, fáist, hafa undirritaðir með sameiginlegu samþykki gert svofeldan samning:

I. gr.**Tilgangur samningsins.**

Milli Bandaríkja Norður-Ameríku (þar með talin Alaska, Puerto Rico, Virgin-eyjar, Guam, Samoa og Hawaii) og Íslands má skiptast á höglum, er nefnast höglapóstur, allt að þeirri hámarksþyngd og stærð, sem tilgreint er í starfsreglugerðinni.

II. gr.**Höglar í yfirför.**

1. Hvor pósthjórnn um sig ábyrgist í sínu umdæmi rétt til yfirfarar til hvers þess lands eða frá hverju því landi, sem hún hefir höglapósthviðskipti við, fyrir þá högl, sem settir eru á pósth eða eiga að afhendast í umdæmi hinnar pósthjórnnarinnar, sem að samningnum stendur.
2. Hvor pósthjórnn um sig skal tilkynna hinni til hvaða landa megi senda högl með hennar aðstoð, svo og gjöld þau, sem henni bera fyrir, og ennfremur öll önnur skilyrði.
3. Til þess að verða teknir til áframflutnings, verða höglar þeir, sem önnurhvor pósthjórnn sendir um þjónustu hinnar, að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru á hverjum tíma af pósthjórnn yfirfararlandsins.

III. gr.**Burðargjöld og greiðslur.**

1. Pósthjórnn sendilandsins er heimilt að krefja sendanda höglguls um það burðargjald, gjald undir fyrirspurn um pósthögl eftir að hann hefir verið látinn á pósth, og, ef um verðhögl er að ræða, þau ábyrgðargjöld og gjöld fyrir móttökukvittanir, sem á hverjum tíma eru ákveðin í reglugerðum þeirra.
2. Burðargjaldið og þau hinna gjaldanna, sem nefnd eru í næsta lið á undan og koma til greina, skulu greidd fyrirfram, nema þegar um er að ræða endursenda eða áframsenda högl.

IV. gr.**Umbúnaður högl.**

Um hvern högl skal búð í samræmi við lengd flutningsins og verndarþörf innihaldsins á þann hátt, sem starfsreglugerðin ákveður.

V. gr.**Forboð.**

1. Þessa hluti er bannað að flytja í höglapósth:
 - a. Bréf eða orðsendingu, er hefir einkenni bréfs. Þó er leyfilegt að láta í högl opna vöruskrá, er aðeins inniheldur þær upplýsingar, er mega standa í

vöruskrá, svo og afrit af utanáskrift böggulsins að viðbættri utanáskrift 8
sendanda:

4. marz

- b. sendingu með annari utanáskrift en þeirri, sem stendur utan á bögglinum;
- c. lifandi dýr, hverju nafni sem nefnast, nema blóðsugur;
- d. sérhvern hlut, sem aðganga er bönnuð á samkvæmt tollögum eða öðrum lögum og reglugerðum, sem gilda í hvoru landi um sig;
- e. sérhvern sprenghættan eða eldfiman hlut, og yfir höfuð sérhvern þann hlut, sem hætta getur stafað af að flytja, þar með taldir hlutir, sem samkvæmt eðli sínu eða umbúnaði geta valdið hættu fyrir póstmenn eða óhreinkað eða skemmt aðra hluti;
- f. klámfenga og ósamilega hluti;
- g. ennfremur er bannað að senda mótaða peninga, bankaseðla, peningaseðla eða nokkur önnur verðskjöl á handhafa, platinu, gull eða silfur (unnið eða óunnið), dýra steina, gimsteina eða aðra dýrgripi í bögglum án tilgreinds verðs.

Sé böggull, sem inniheldur mótaða peninga, bankaseðla, peningaseðla eða nokkur önnur verðskjöl á handhafa, platinu, gull eða silfur (unnið eða óunnið), dýra steina, gimsteina eða aðra dýrgripi, sendur án tilgreinds verðs, skal ákvörðunarlandið setja hann undir tilgreint verð og fara með hann í samræmi við það.

2. Sé böggull, sem brýtur í bága við þessi bannákvæði, afhentur af annari hvorri póststjórninni til hinnar, skal sú, er við honum tekur, fara með hann eins og lög hennar og innanlandsákvæði mæla fyrir. Sprenghætta og eldfima hluti, svo og skjöl, myndir eða aðra hluti, sem stríða mót almennu velsæmi, má eyðileggja á staðnum, af póststjórn þeirri, sem verður þeirra vör í póstinum.

Nú inniheldur böggull bréf eða orðsendingu, er hefir einkenni bréfs, og má þá aldrei af þeim ástæðum endursenda böggulinn til sendanda. Bréfið skal reikna til burðargjalds á venjulegan hátt og viðtakandi krafinn um það.

Báðar póststjórnirnar tilkynna hvor annari bannaða hluti í lista þeim, sem skrifstofa alþjóðapóstfélagsins birtir yfir bannaða hluti. Þær taka þó ekki á sig þess vegna neina ábyrgð gagnvart töllyfirvöldum, lögreglu eða sendanda.

VI. gr.

Tilgreining verðs.

Á bögglum má tilgreina verð, allt að 500 gullfrönkum eða jafngildi þess í mynt sendilandsins.

Forstjórar póststjórnanna í báðum samningslöndunum geta þó eftir sameiginlegu samkomulagi, hækkað eða lækkað þessa hámarksupphæð hins tilgreinda verðs.

Fyrir böggul greiðast ekki hærri skaðabætur en nema hinu raunverulega verðmæti innihaldsins, en leyfilegt er að tilgreina aðeins nokkurn hluta þess.

VII. gr.

Skaðabætur.

1. Að því undanteknu, er segir í næsta lið, eru póststjórnirnar ábyrgar ef bögglar með tilgreindu verði, sem settir eru á póst í öðru landinu til afhendingar í hinu, tapast, eða ef innihald þeirra, að öllu eða nokkru leyti, týnist, er rænt eða skemmist.

Sendandi eða annar, sem er réttur aðili að kröfunni, á í þessu efni rétt til skaðabóta, er svari til þeirrar raunverulegu upphæðar, er tapið, ránið eða skemmdirnar nema. Skaðabótaupphæðin er reiknuð út á grundvelli sannvirðis

8
4. marz

(gangverðs, eða, ef gangverð er ekki fyrir hendi, viðingarverðs með venjulegum hætti) á þeim tíma og stað, er böggilarnir eru látnir á póst, þó að því tilskyldu, að skaðabæturnar fari ekki fram úr hinu tilgreinda verði, sem ábyrgðargjald hefir verið goldið fyrir, eða hámarki þess, 500 gullfrönkum.

Þegar greiða ber skaðabætur fyrir algerða týnslu bögguls, eða fyrir eyðileggingu eða rán á öllu innihaldi hans, á sendandi heimtingu á, að fá burðargjaldið endurgreitt, ef hann gerir kröfu til þess. Ábyrgðargjaldið endurgreiðist þó aldrei.

Ef enginn sérstakur samningur er fyrir hendi milli hlutaðeigandi landa um hið gagnstæða, þá verða engar skaðabætur greiddar af hvorugu landinu fyrir tap á verðbögglum í yfirför frá einhverju landi, sem utan þessa samnings stendur, til annarshvors samningslandsins, né heldur böggla frá öðru hvoru samningslandinu til einhvers lands, sem stendur utan þessa samnings.

Þegar böggull með tilgreindu verði frá öðru samningslandinu til hins er áframsendur þaðan eða endursendur til þriðja lands eftir beiðni sendanda eða viðtakanda, getur sá, sem kröfu á til skaðabóta vegna taps, ráns á innihaldi eða skemmda, sem kunna að verða eftir að böggullinn hefir verið áframsendur eða endursendur af hinu upprunalega ákvörðunarlandi, aðeins gert kröfu til þeirra bóta, sem landið, þar sem tapið, ránið eða skemmdirnar urðu, samþykkir að greiða eða er skyldugt að greiða samkvæmt samningi milli þeirra landa, sem beinlínis standa að áframsendingunni eða endursendingunni.

Hvort landið um sig, er að þessum samningi standa, sem áframsendir ranglega böggul með tilgreindu verði til þriðja lands, ber ábyrgð gagnvart sendanda jafnviðtæka og sendilandið, þ. e. a. s. innan takmarka þessa samnings.

2. Póststjórnirnar eru undanþegnar allri ábyrgð:

- a. á bögglum, sem viðtakendur hafa tekið við athugasemdalaust;
- b. á tapi eða skemmdum vegna ofureflis (force majeure); þó getur hvor póststjórnin um sig, ef hún vill, og án þess að eiga nokkurn aðgang að hinni, greitt skaðabætur fyrir tap eða skemmdir, er stafa af ofurefli, og eins í þeim tilfellum þar sem póststjórn þess lands, er tapið eða skemmdirnar hafa orðið í, álitur skaðann stafa af ofurefli;
- c. þegar þeim er ókleift að gera grein fyrir böggulunum vegna þess að þjónustuskjöldin hafa eyðilagst af völdum ofureflis;
- d. þegar skaðinn hefir orsakast af vangá eða hirðuleysi sendanda, viðtakanda eða umboðsmanns annars hvors, eða þegar hann stafar af eðli sendingarinnar;
- e. á bögglum sem innihalda bannvörur;
- f. á böggli með tilgreindu verði, sem sendandi í sviksamlegum tilgangi hefir tilgreint hærri verð á en hið raunverulega verð innihaldsins; þetta ákvæði hindrar þó á engan hátt neinar lögsóknir samkvæmt löggjöf sendilandsins;
- g. á bögglum, sem gerðir eru upptækir af töllyfirvöldum vegna rangrar tilgreiningar á innihaldi;
- h. þegar réttur aðili eða umboðsmaður hans hefir ekki sett fram beiðni um rannsókn eða bætur innan árs, að telja frá deginum næst á eftir að verðböggullinn var látinn á póst;
- i. á bögglum, sem innihalda hluti án sérstaks verðgildis eða hluti, sem auðveldlega skemmast, eða ekki er farið með samkvæmt ákvæðum þessa samnings, eða ekki eru settir á póst á fyrirskipaðan hátt. Það landið, sem tapið, ránið eða skemmdirnar verða hjá, getur þó tekið að sér, að greiða bætur fyrir slíka böggla, en þá án nokkurs aðgangs að hinni póststjórninni.

3. Engar skaðabætur greiðast fyrir óbeint tjón eða hagnaðarmissi af bögglum, sem sendir eru samkvæmt þessum samningi.

4. Greiðsla á skaðabótum fyrir böggul með tilgreindu verði til réttis aðila skal fara fram eins fljótt og auðið er, og í síðasta lagi innan árs, að telja frá deginum eftir að krafan var sett fram. 4. marz

Póststjórn sú, sem á að greiða bæturnar, má þó, sem undantekning, fresta greiðslunni fram yfir þenna ákveðna tíma ef ekki hefir verið hægt innan þess tíma að fá fullnaðarvitneskju um afdrif böggulsins, eða ákveða til fullnustu hver ábyrgðina beri.

5. Að undanteknum þeim tilfellum þar sem skaðabótagreiðslu er frestað samkvæmt því, sem gert er ráð fyrir í annari málsgrein næsta liðs hér á undan, er póststjórn þeirri, sem annast greiðsluna, heimilt að greiða skaðabæturnar á kostnað þeirrar póststjórnar, sem eftir að hafa fengið tilhlýðilega vitneskju um skaðabótakröfuna, lætur níu mánuði liða hjá án þess að leiða málið til lykta.
6. Skyldan til útborgunar á skaðabótunum hvílir á þeirri póststjórn, sem sendipósthúsið heyrir undir, þó með því fororði að þegar skaðabætur eiga að greiðast viðtakanda samkvæmt 2. málsgrein 1. liðs, skal póststjórn viðtökulandsins sjá um útborgunina.

Póststjórnin, sem borgar út, öðlast endurgreiðslurétt á hendur þeirri póststjórn, sem ber ábyrgðina.

7. Þangað til hið gagnstæða verður sannað hvílir ábyrgð bögguls með tilgreindu verði á þeirri póststjórn, sem hefir tekið við bögglinum athugasemdalaust og getur ekki gert grein fyrir löglegri meðferð hans, þótt hún hafi fengið allar nauðsynlegar upplýsingar.
8. Ábyrgð vegna týnslu, ráns eða skemmda, sem uppgötvast af viðskiptapósthúsi móttökulandsins þegar pósturinn er opnaður, og þá tilhlýðilega tilkynnt viðskiptapósthúsi sendilandsins, fellur á póststjórnina, sem sendipósthúsið heyrir undir, nema sannað verði að skaðinn hafi átt sér stað í umdæmi póststjórnar móttökulandsins.
9. Hafi tapið, ránið eða skemmdirnar orðið í flutningum, án þess að hægt sé að komast fyrir í hvers umdæmi atvikið hefir komið fyrir, bera hlutaðeigandi póststjórnir skaðann í félagi, að jöfnu.
10. Póststjórn sú, sem ábyrgðin hvílir á, eða útborgun hefir verið framkvæmd fyrir samkvæmt 5. lið, er skyld að endurgreiða landinu, sem framkvæmt hefir útborgunina hennar vegna, upphæð hinna greidda skaðabóta tafarlaust og innan sex mánaða í síðasta lagi eftir að hún hefir fengið tilkynningu um greiðsluna.
11. Endurgreiðslan fer fram, póststjórninni, sem á inni, að kostnaðarlausu, annaðhvort með póstaðvísun eða tékk í gangbærri mynt í innieignarlandinu, eða á annan þann hátt, sem aðilar kynnu að verða ásáttir um bréflaga.
12. Ábyrgðin á því, að böggull með tilgreindu verði, sé lokaður, umbúinn og insiglaður á tilhlýðilegan hátt, hvílir á sendanda, og póststjórn hvorugs landsins tekur ábyrgð á sig vegna taps, ráns eða skemmda, sem orsakast af slíkum ágöllum, sem ekki hefir orðið vart við, þegar böggullinn var látinn á póst.
13. Póststjórnir beggja samningslanda eru ekki ábyrgar fyrir tapi, ráni á innihaldi eða skemmdum á neinum almennum böggli, en hvorri póststjórninni um sig er þó frjálst að greiða skaðabætur fyrir tap, skerðingu á innihaldi eða skemmdir slíkra böggla, er koma fyrir í þjónustu hennar, án endurgreiðslukröfu til hinnar póststjórnarinnar.

VIII. gr.

Póstviðurkenning. Kvittanir.

Um leið og sendandi almenns (ekki ábyrgðar) bögguls lætur hann á póst, fær hann, ef hann óskar, viðurkenningu á þar til gerðu eyðublaði, frá pósthúsinu, sem

8 tekur við bögglinum, um að hann hafi verið látinn á póst, og má hvort landið um 4. marz sig ákveða hæfilegt gjald fyrir.

Sendandi bögguls með tilgreindu verði fær ókeypis kvittun fyrir viðtökunni um leið og hann lætur böggulinn á póst.

IX. gr.

Móttökukvittanir og fyrirspurnir.

1. Sendandi bögguls með tilgreindu verði getur fengið tilkynningu um afhendingu hans gegn viðbótargjaldi, ef til kemur, sem upprunaland böggulsins ákveður og eftir reglum þeim, sem settar eru í starfsreglugerðinni.
2. Upprunaland böggulsins getur tekið gjald undir fyrirspurn um afhendingu almenns bögguls sem og bögguls með tilgreindu verði eftir að hann hefir verið látinn á póst, hafi sendandi ekki þegar greitt hið sérstaka gjald fyrir móttöku-kvittun.
3. Upprunaland böggulsins getur ennfremur ákveðið sérstakt gjald fyrir kvartanir um hverskonar óreglu, sem pósthjónustunni verður ekki fyrir fram gefið að sök.

X. gr.

Afturköllun og beiðni um breytingu á utanáskrift.

Á meðan böggull hefir ekki verið afhentur viðtakanda, getur sendandi afturkall- að hann eða látið breyta utanáskrift hans. Póststjórn upprunalands böggulsins má fyrir það taka og halda óskertu gjaldi því, sem ákveðið er í hennar eigin ákvæðum. Beiðnir um afturköllun böggla eða um breytingu á utanáskrift þeirra skal stíla til aðalpóststjórnarinnar í Washington, þegar um er að ræða böggla, sem eiga að afhendast í Bandaríkjum Ameríku, en til ákvörðunarpósthúss böggulsins, þegar um er að ræða böggla, sem eiga að afhendast á Íslandi.

XI. gr.

Tollgjöld.

Böggularnir eru háðir öllum tolllögum og tollreglugerðum, sem gilda í ákvörð- unarlandinu. Þau gjöld, sem taka ber eftir þeim, skulu tekin af viðtakanda bögg- ulsins samkvæmt ákvæðum tollfyrirvaldanna.

XII. gr.

Afnám tollgjalda.

Tollgjöld af bögglum, sem eru endursendir til upprunalands eða áframsendir til annars lands, skulu afnumin bæði á Íslandi og í Bandaríkjum Ameríku.

XIII. gr.

Gjöld fyrir tollmeðferð.

Póststjórnin, sem afhendir böggul, má taka af viðtakanda fyrir afhendingu til tolls og tollmeðferð eða fyrir afhendingu til tolls eingöngu, sérstakt gjald er ekki fari fram úr 50 gullsentímum fyrir böggul.

XIV. gr.

Afhending til viðtakanda. Gjald fyrir afhendingu á heimili.

Böggularnir eru afhentir viðtakendum eins fljótt og auðið er samkvæmt þar um gildandi ákvæðum í ákvörðunarlandinu, og má það, fyrir afhendingu til viðtakanda,

taka sérstakt gjald, sem ekki má fara fram úr 50 gullsentímum fyrir böggul. Sama 8 gjald má taka, ef svo ber undir, fyrir hverja tilraun til afhendingar, eftir þá fyrstu, 4. marz á heimili viðtakanda eða vinnustað hans.

XV. gr.

Geymslugjald.

Ákvörðunarlandinu heimilast að taka geymslugjald það, sem ákveðið er í lög-
gjöf þess fyrir „poste restante“ böggla eða böggla, sem ekki eru sóttir innan hins
lögákveðna tíma. Gjald þetta má aldrei fara fram úr 5 gullfrönkum.

XVI. gr.

Skakkt sendir bögglar.

Almennir bögglar, sem eru skakkt sendir, skulu áframsendir til hins rétta ákvörð-
unarstaðar eftir beinustu leið, sem pósthjón sú, er áframsendir, hefir vól á. Böggla
með tilgreindu verði, sem sendast skakkt, má ekki áframsenda nema sem verðpóst.
Sé slíkt ekki hægt, skulu þeir sendir aftur til upprunastaðar.

Hafi áframsendingin í för með sér endursendingu á bögglinum til sendilands-
ins, skal pósthjón sú, sem áframsendir, endurgreiða pósthjón sendilandsins þókn-
anir þær, sem hún hefir fengið, og gera athugasemd um skekkjuna með leiðrét-
tingarskýrslu.

Þegar áframsendingin hefir í för með sér, að böggull er sendur til þriðja lands,
og þóknanir þær, sem tilfærðar eru pósthjóninni, er áframsendir, eru ófullnægj-
andi til þess að greiða kostnaðinn við áframsendinguna af hennar hálfu, fær hún
upphæð þá, sem á vantar, á þann hátt, að krefja viðskiptapósthús það, sem hinn
skakkt sendi böggull er kominn beint frá, um hana. Ástæðuna fyrir kröfunni skal
tilkynna viðskiptapósthúsinu með leiðréttingarskýrslu.

XVII. gr.

Áframsending.

1. Eftir beiðni sendanda eða viðtakanda má áframsenda böggul innan ákvörðunar-
landsins, þegar viðtakandi hefir skipt um bústað.

Fyrir böggla, sem pósthjón ákvörðunarlandsins áframsendir innanlands
hjá sér, má hún taka viðbótargjöld þau, sem innanlandslöggjöf hennar ákveður.
Gjöld þessi skal ekki fella niður, jafnvel þótt böggullinn verði endursendur til
upprunastaðar eða áframsendur til annars lands.

2. Böggul má aðeins áframsenda út úr hinu upprunalega ákvörðunarlandi eftir
beiðni sendanda eða viðtakanda, og því aðeins að böggullinn fullnægi öllum
skilyrðum til frekari flutnings. Böggla með tilgreindu verði má ekki áframsenda
til annars lands öðruvísi en sem verðböggla.

Sé nýtt burðargjald, og nýtt ábyrgðargjald, ef um verðböggla er að ræða, ekki
greitt fyrirfram, skal krefja það við afhendingu.

Sendanda er heimilt að banna áframsendingu, með því að gera athugasemd um
það á fylgibréfið og böggulinn.

XVIII. gr.

Sala eða eyðilegging.

1. Hluti, sem hætt er við að gangi úr sér eða skemmist, en eingöngu slíka hluti,
má selja þegar í stað, jafnvel á leiðinni fram eða aftur, án undangenginnar til-
kynningar eða lagalegra formsatriða, til ágóða fyrir réttan aðila.

Sé einhverra orsaka vegna ekki hægt að koma við sölu, skulu hinir úr sér

8
4. marz

- gengnu eða skemmdu hlutir eyðilagðir. Söluna eða eyðilegginguna skal skrásetja og senda póststjórn upprunalandsins skýrsluna.
2. Þegar liðnir eru 30 dagar, að telja frá móttökudegi ákvörðunarpósthússins, má selja á uppboði böggla þá, sem ekki hefir verið hægt að koma til skila, og sendandi með áritun hefir afsalað sér, eða fara með þá á annan hátt eins og löggjöf ákvörðunarlandsins mælir fyrir. Sé um að ræða böggla með tilgreindu verði, skal gera viðeigandi skýrslu og póststjórn upprunalandsins látin vita um hvernig með böggla hafi verið farið. Póststjórn upprunalandsins skal einnig látin vita þegar böggull með tilgreindu verði, sem ekki er afhentur, er ekki endursendur til upprunalands, af hvaða ástæðum sem er.

XIX. gr.

Bögglar, sem ekki verður komið til skila.

1. Sendandi bögguls getur um leið og hann setur böggulinn á póst gert ráðstöfun um, hvernig skuli með böggulinn farið ef ekki er hægt að afhenda hann samkvæmt utanáskrift, og eru nánari ákvæði um þetta sett í starfsreglugerðinni.
2. Geri sendandi enga ráðstöfun samkvæmt 1. lið eða ef ekkert verður úr afhendingu samkvæmt ráðstöfun sendanda, skulu bögglar, sem ekki er hægt að koma til skila, endursendir sendanda án undangenginnar tilkynningar að 30 dögum liðnum, en bögglar, sem neitað er viðtöku, skulu endursendir þegar í stað.
3. Ákvæði 3. liðs 20. gr. koma til framkvæmda á böggli, sem endursendur er til upprunalands, vegna þess að honum verður ekki komið til skila. Sé nýtt burðargjald, eða nýtt ábyrgðargjald, ef um böggla með tilgreindu verði er að ræða, ekki borgað fyrirfram, má krefja sendanda um það þegar böggullinn kemur til baka.

XX. gr.

Póstgjöld.

1. Fyrir hvern böggul, sem skipst er á milli samningsaðila, skal sendipósthúsið færa ákvörðunarpósthúsinu til tekna í bögglastránni burðargjaldshluta þá, sem henni ber og tilgreindir eru í starfsreglugerðinni.
2. Upphæðir þær, sem greiða ber fyrir böggul í yfirför, það er að segja böggul annaðhvort til eignarlands eða þriðja lands, eru einnig tilgreindar í starfsreglugerðinni.
3. Nú er böggull áframsendur eða endursendur til upprunastaðar og er nýtt burðargjald og nýtt ábyrgðargjald (sé um böggul með tilgreindu verði að ræða) innheimt af pósthúsinu sem sendir á ný, og skal þá farið með böggulinn eins og hann væri upprunalega frá því landi. Annars fær pósthúsið, sem sendir á ný, burðargjaldshluta þá, sem því ber, frá hinni póststjórninni og eftir því sem við á þessa:
 - a. gjöldin, sem nefnd eru í 1. lið;
 - b. gjöldin fyrir áframsendingu eða endursendingu;
 - c. gjöld þau, sem nefnd eru í XIII., XIV. og XV. gr. fyrir tollmeðferð, afhendingu og geymslu. Ef um er að ræða áframsendingu eða endursendingu til þriðja lands skulu hin áföllnu gjöld, það er að segja þau af gjöldunum, sem nefnd eru hér að ofan undir stafliðnum a., b. og c. og koma til greina, fylgja bögglinum.

Ef þriðja land, sem kemur til greina, neitar að taka gjöldin upp hjá sér, vegna þess að þau séu ókrefjanleg hjá viðtakanda eða sendanda, eða af einhverri annari ástæðu, skulu þau á ný færð upprunalandinu til gjalda.

Nú er böggull endursendur eða áframsendur í yfirför um annaðhvort landið til eða frá hinu, og getur þá yfirfararlandið einnig gert kröfu til þeirra upphæða, sem

því sjálfu ber fyrir land- eða sjóflutning, sem það tekst á hendur, svo og til þeirra 8
upphæða, sem hverju öðru landi ber fyrir samskonar þjónustu.

4. marz

XXI. gr.

Önnur póstgjöld en þau, sem nefnd eru, ekki leyfð.

Á böggla þá, sem þessi samningur fjallar um, má ekki leggja nein önnur póstgjöld en þau, sem gert er ráð fyrir í hinum ýmsu greinum þessa samnings.

XXII. gr.

Flugpóstbögglar.

Forstjórum póststjórna beggja samningslandanna veitist heimild til þess að ákveða eftir samkomulagi sérstök fluggjöld, sem og önnur skilyrði fyrir böggla, sem kunna að verða fluttir flugleiðis.

XXIII. gr.

Stöðvun viðskipta um stundarsakir.

Þegar alveg sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda gefi þær tilefni til, getur hvor póststjórnin um sig stöðvað póstbögglaviðskiptin um stundarsakir, annaðhvort að nokkru eða öllu leyti, enda tilkynni hún það hinni póststjórninni þegar í stað, og símleiðis ef þörf krefur.

XXIV. gr.

Atriði, sem ekki er getið um í þessum samningi.

- Öll atriði, er snerta beiðnir um endursendingu böggla, eða, þegar um böggla með tilgreindu verði er að ræða, beiðnir um móttökukvittanir og meðferð skaðabótakrafna, skal fara með samkvæmt ákvæðum alþjóðapóstbögglasamningsins og starfsreglugerðar hans, að svo miklu leyti, sem þau eiga við og koma ekki í bága við undanfarandi ákvæði. Séu engin ákvæði til um eitthvert atriði, skal beita innanlandslöggjöf Bandaríkja Ameríku eða Íslands, eða þeim ákvæðum, sem hvort landið um sig setur, eftir því sem við á.
- Hin einstöku atriði, sem koma til framkvæmda á þessum samningi, verða sett af báðum póststjórnunum í starfsreglugerð, og má breyta ákvæðum hennar og auka við þau eftir sameiginlegu samkomulagi með bréfaskriftum.
- Hvor póststjórnin um sig skýrir hinni frá lögum sínum, tilskipunum og taksta-ákvæðum að því er snertir póstbögglaviðskiptin, svo og öllum burðargjaldsbreytingum, sem gerðar verða.

XXV. gr.

Um hvenær samningurinn kemur til framkvæmda og hversu lengi hann skuli gilda.

Samningur þessi gengur í gildi við fullgildingu, en þangað til fullgilding fer fram, má láta hann gilda í framkvæmd frá þeim degi, sem póststjórnir beggja landanna verða ásáttar um.

Hann skal vera í gildi þangað til önnurhvor póststjórna samningslandanna tilkynnir hinni með sex mánaða fyrirvara ætlun sína, að nema hann úr gildi.

Gerður í tveim eintökum og undirritaður í Reykjavík hinn 11. október 1938 og í Washington hinn 31. október 1938.

(sign) James A. Farley
póstmálastjóri
Bandaríkja Ameríku.
(L. S.)

(sign) G. J. Hlíðdal
póst- og símamálastjóri
Íslands.
(L. S.)

8 The foregoing Parcel Post Convention between the United States of America and
4. marz Iceland has been negotiated and concluded with my advice and consent and is hereby approved and ratified.

In the testimony whereof, I have caused the seal of the United States to be hereunto affixed.

(sign) Franklin D. Roosevelt.

Seal

By the President

(sign) Cordell Hull

Secretary of State.

Washington, November 10, 1938.

Samkvæmt lögum nr. 8 9. janúar 1935 fullgildist framanritaður samningur hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, Reykjavík, 4. marz 1939.

Skúli Guðmundsson.

G. J. Hliðdal.

STARFSREGLUGERÐ

við pósthöglasamninginn.

Forstjórar pósthjóranna í Bandaríkjum Ameríku og á Íslandi hafa orðið á-sáttir um að setja eftirfarandi reglugerðarákvæði til framkvæmda á pósthöglasamningnum. Þeim má breyta hvenær sem er, þegar það álist nauðsynlegt.

1. gr.

Hámark þyngdar og stærðar.

Bögglar, sem skipzt er á samkvæmt ákvæðum þessa samnings, mega ekki fara fram úr 44 pounds (20 kílógrömmum) að þyngd né þessari stærð:

Mesta lengd 4 feet, með því skilyrði, að bögglar yfir 42 inches en ekki yfir 44 inches að lengd fari ekki fram úr 24 inches að ummáli; að bögglar yfir 44 inches en ekki yfir 46 inches að lengd, fari ekki fram úr 20 inches að ummáli; að bögglar yfir 46 inches en ekki yfir 48 inches að lengd fari ekki fram úr 16 inches að ummáli og að bögglar allt að 3½ feet að lengd fari ekki fram úr 6 feet að lengd og ummáli samanlögðu.

Hámarki þyngdar og stærðar, sem að ofan greinir, má breyta hvenær sem er með skriflegu samkomulagi.

2. gr.

Útbúnaður böggla.

1. Nafn og heimilisfang sendanda og viðtakanda skal ritað greinilega og ávalt rétt á böggulinn sjálfan þegar hægt er, eða þá á seðil eða merkimiða, er sé vandlega festur við böggulinn. Ekki er leyfilegt að rita nafn og heimilisfang sendanda eða viðtakanda með byrjunarstöfum einum, nema slíkir byrjunarstafir séu viðurkennt verzlunarheiti sendanda eða viðtakanda, sem almennt skilst. Árit-anir með blýanti eru ekki leyfilegar, nema með blekblýanti, enda sé þá yfirborðið, sem ritað er á, gert rakt áður.

Seðil með nafni og heimilisfangi sendanda og viðtakanda skal láta inn í

böggulinn, þegar áritunin er gerð á seðil eða merkimiða, sem ekki er límdur á böggulinn. Rétt er að láta slíka seðla inn í alla böggla.

4. marz

2. Sérhver böggull skal vera útbúinn á þann hátt sem svarar til lengdar flutningsleiðarinnar og eðlis innihaldsins og þannig, að innihaldið valdi ekki tjóni á öðrum bögglum eða hlutum eða geti meitt póstmennina. Umbúðirnar verða að vera nægilegar til þess að vernda innihaldið, þannig að auðvelt sé að sjá, ef farið hefir verið í böggulinn.

Ekki er krafist umbúða um muni, sem eru úr einu heilu efni, svo sem tré- eða málmstykki o. s. frv. og ekki er verzlunarvenja að setja í umbúðir.

Lagarkenndar vörur og efni, sem auðveldlega verða lagarkennd, skulu send í tvöföldum umbúðum. Á milli hins innra (flösku, glass, krukku, öskju o. s. frv.) og hins ytra (öskju úr málm, sterku tré, sterkum búpappi, sterku trefjaefni eða annars jafn sterks íláts) skal vera bil, er sé fyllt sagi, úrsældingi eða einhverju öðru vökvænæmu efni, og svo miklu, að það drekki í sig allan vökvann ef ílátið brotnar.

Duft og litarefni í duftformi skulu send í innsigluðum málmhylkjum, sem aftur séu sett í sterkar ytri umbúðir, þannig að þær komi í veg fyrir allar skemmdir á öðrum sendingum í póstinum.

3. Böggjar með tilgreindu verði skulu innsiglaðir með lakk-blý eða öðrum innsiglum. Almenna böggla má sendandi innsigla eftir vild, en annars er nægilegt að binda vandlega utan um þá.

Til frekari öryggis getur hvor pósthjóninn um sig krafist þess, að sendandi við innsiglun á verðböggjum, sem settir eru á póst í umdæmi hennar, noti innsigli með sérstöku tákni eða merki.

Tollyfirvöldum ákvörðunarlandsins skal heimilt, vegna tollskoðunar, að brjóta innsiglin. Að tollskoðun lokinni skulu böggjarnir innsiglaðir á ný með embættis innsigli.

4. Utanáskriftarmegin á hverjum böggli með tilgreindu verði skal vera merki miði með orðunum „Insured“ eða „Valeur déclarée“, eða þessi orð skulu vera stimpluð eða rituð á böggulinn alveg við innritunarnúmer hans.

Einnig skal á honum standa upphæð hins tilgreinda verðs, rituð fullum stöfum með greinilegu latnesku lettri, í mynt upprunalsins. Upphæð þessari skal breytt í gullfranka af sendanda eða sendipósthúsi og upphæðin sett fyrir neðan hina upprunalegu tilgreiningu. Upphæð hins tilgreinda verðs skal einnig sett á tollskrána.

5. Innsigli, og allir seðlar og merkimiðar á böggjum með tilgreindu verði, skulu þannig sett á, að þau hylji ekki skemmdir á umbúðunum. Ennfremur mega slíkir seðlar eða merkimiðar ekki vera brotnir yfir tvær hliðar böggulsins, þannig að röndin hyljist.

3. gr.

Tollskrár.

1. Sendandi skal útbúa eina tollskrá fyrir hvern böggul, sem sendur er frá Íslandi, og tvær tollskrár fyrir hvern böggul, sem sendur er frá Bandaríkjunum Ameríku, á eyðublað, sem pósthjón upprunalsins lætur í té. Á tollskránum skal standa almenn lýsing á bögglinum, nákvæm og sundurliðuð tilgreining á innihaldi hans og verðið á því, dagsetningin, þegar böggullinn er látinn á póst, nákvæm þyngd, nafn og heimilisfang sendanda og sömuleiðis nafn og heimilisfang viðtakanda; tollskráin skal vandlega fest við böggulinn.

Sem undantekning frá framansögðu gildir þó, að þegar margir böggjar eru settir á póst í einu af sama sendanda í öðru landinu til sama viðtakanda með sama heimilisfangi í hinu landinu, þarf sendandi aðeins að útbúa eina tollskrá

8
4. marz

- fyrir allan flutninginn, þegar um er að ræða böggla senda frá Íslandi, og tvær toll-skrár fyrir allan flutninginn, þegar um er að ræða böggla senda frá Bandaríkjunum og skal þá færa á tollskrárnar í viðbót við það, sem nefnt er í málsgreininni á undan, samanlagða tölu böggla í flutningnum, og skal síðan festa tollskrána vandlega við einn böggulinn. Böggularnir í flutningnum skulu þá merktir með brotatölu, þannig að teljarinn tilgreini númer hvers einstaks bögguls, en nefnarinn heildartölu böggla í flutningnum; ef í flutningi eru t. d. 15 bögglar alls, skal hver böggull um sig merkjast þannig með réttri tilvísun: 1/15, 2/15, 3/15 o. s. frv.
2. Póststjórnirnar bera enga ábyrgð á því, að tollskrárnar séu réttar.

4. gr.

Móttökukvittanir.

1. Þegar beðið er um móttökukvittun fyrir böggli, setur sendipósthúsið á hann stafina „A. R.“ eða orðin „Avis de Réception“. Sendipósthúsið eða eitthvert annað pósthús, sem póststjórn sendilandsins tiltekur, útbýr móttökukvittunareyðublað og festir það við böggulinn. Komi eyðublaðið ekki fram á ákvörðunarpósthúsinu, býr það út eftirrit.
2. Ákvörðunarpósthúsið fyllir móttökukvittunareyðublað út eins og vera ber, og sendir það síðan burðargjaldsfrítt til baka, til heimilisfangs sendanda böggulsins.
3. Þegar sendandi biður um móttökukvittun eftir að böggullinn hefir verið settur á póst, fyllir sendipósthúsið út kvittunareyðublað eins og vera ber og festir það síðan við fyrirspurnareyðublað, sem fært er á allt, sem viðkemur flutningi böggulsins, og sendir þetta síðan ákvörðunarpósthúsi böggulsins.

Hafi böggullinn verið réttilega afhentur, heldur ákvörðunarpósthúsið fyrirspurninni eftir, en fer með móttökukvittunina eins og segir í liðnum á undan.

5. gr.

Ílát.

1. Póststjórnir beggja samningslandanna leggja til þá poka, sem nauðsynlegir eru undir bögglaflutninginn frá hvorri um sig, og skal hver poki merktur þannig, að hann sýni nafn þess pósthúss eða lands, sem hann tilheyrir.
2. Pokarnir skulu sendir tómir til baka til sendipósthússins með næsta pósti á eftir. Tómir endursendir pokar skulu vera tíu í sendingu, níu pokar látnir niður í einn. Samanlögð tala endursendra poka, skal tilfærð á tilheyrandi böggla-skrá.
3. Hafi 10% af samanlagðri tölu poka, sem notaðir hafa verið yfir árið, ekki verið endursend, skal verð þeirra poka, sem vanta, endurgreitt póststjórn sendilandsins.

6. gr.

Skipti á böggulunum.

1. Bögglum skal skipst á í pokum tilhlýðilega lokuðum og innsigliðum af pósthúsum, sem póststjórnirnar verða ásattar um að nefna til þess starfa, og skulu þeir sendir til ákvörðunarlandsins af sendilandinu, á þess kostnað og með þeim flutningatækjum, sem það hefir ráð á.
2. Bögglar með tilgreindu verði skulu látnir í aðra poka en þá, sem almennir bögglar eru í, og merkimiðar þeirra poka, sem innihalda böggla með tilgreindu

verði, skulu bera sérstök greinileg merki, sem póststjórnirnar koma sér saman 8 um á hverjum tíma.

4. marz

3. Enginn poki má vega yfir 40 kílógrömm (88 pounds).

7. gr.

Skráning böggla.

1. Böggla með tilgreindu verði og almennir böggla færast á sérstakar böggla-skrár. Böggla-skrárnar eru útbúnar í tveim eintökum. Frumritið er sent í hinum vanalega pósti, en afritið er látið í einn pokanna. Pokinn, sem böggla-póstskráin er í, er aðgreindur með bókstafnum „F“ greinilega settum á merkimiðann.

2. Almennir böggla í einni skráarsendingu til Bandaríkja Ameríku, skulu færðir á böggla-skrárnar í einu lagi, er sýni samanlagða tölu böggla á samt nettó þyngd þeirra samanlagðri.

Almennir böggla í einni skráarsendingu til Íslands skulu færðir á böggla-skrárnar þannig að komi fram samtala allra böggla samkvæmt þyngdarmörkum:

- a. allt að 1 kílógrammi (2 pounds),
- b. yfir 1 allt að 5 kílógrömmum (11 pounds),
- c. yfir 5 allt að 10 kílógrömmum (22 pounds),
- d. yfir 10 allt að 15 kílógrömmum (33 pounds),
- e. yfir 15 allt að 20 kílógrömmum (44 pounds).
3. Böggla með tilgreindu verði skulu færðir á skrárnar hver fyrir sig. Færslur hvers bögguls skulu sýna innritunarnúmer hans og nafn sendipósthússins. Þegar um er að ræða böggla til Bandaríkja Ameríku, skal einnig færa samanlagða nettó þyngd allra böggla, en þegar um er að ræða böggla til Íslands skal tilgreina þyngdarmörkin á sama hátt og gildir um almennu böggla.
4. Böggla, sem sendir eru lausir (à découvert) skal færa á skrána hvern í sínu lagi.
5. Endursenda eða áframsenda böggla skal færa á böggla-skrána hvern einstakan um sig og skal bætt við eftir því sem við á orðunum „Returned“ (Endursendur) eða „Redirected“ (Áframsendur). Reikning yfir gjöld þau, sem kunna að hvíla á þessum böggla, skal færa í athugasemdadálk.
6. Samanlögð tala allra poka í hverri skráarafgreiðslu, skal einnig færð á böggla-skrána.
7. Sérhvert viðskiptapósthús, sem sendir, skal tölusetja böggla-skrárnar í efra vinstra horni, með áframhaldandi töluröð yfir árið fyrir hvert viðskiptapósthús í ákvörðunarlandinu. Síðasta númer ársins skal tekið upp á fyrstu böggla-skrá, sem send er á næsta ári.
8. Reglur um, hvernig senda skuli böggla eða böggla-poka frá annarihverri póststjórninni í yfirför um svæði hinnar, svo og öll nánari ákvæði í sambandi við flutning slíkra böggla eða böggla-poka, sem ekki eru tekin fram í þessum samningi, skulu sett eftir sameiginlegu skriflegu samkomulagi beggja póststjórnanna.

8. gr.

Eftirlit með böggla.

1. Viðskiptapósthús það, sem hefir tekið við böggla-pósti, skal bera saman böggla-ana og skrárnar. Vanti böggul eða komi einhver önnur ónákvæmni í ljós, skal það þegar í stað tilkynnt sendipósthúsinu með leiðréttingarskýrslu. Sé skýrslan um alvarlegar misfellur, sem baka hlutaðeigandi póststjórn ábyrgð, skulu ætíð fylgja henni þau sönnunargögn, sem hægt er að afla, svo sem fyrirbandið, og lakk- eða blýinnsiglin, sem böggla-pokanum var lokað með. Berist engin leiðréttingarskýrsla með næsta pósti á eftir, skal álitíð að tekið hafi verið við póstinum í góðu ásigkomulagi, þangað til hið gagnstæða sannast.

- 8 2. Vanti böggla skrá, skal búa út nýja skrá og senda viðskiptapósthúsinu, sem
4. marz flutningurinn er frá, afrit af þeirri skrá.
3. Sé tekið eftir því, meðan á flutningi stendur, að böggull beri merki þess, að í hann hafi verið farið eða að hann sé skemmdur, skal annaðhvort setja athugasemd um það á böggulinn, staðfesta með stimpli pósthúss þess, er athugasemdin gerir, eða gera um það sérstaka skýrslu, er sendist áfram með bögglinum.

9. gr.

Bögglar, sem ekki er hægt að koma til skila.

1. Sendandi bögguls getur, um leið og hann lætur böggulinn á póst, sett fram beiðni um, að ef ekki sé hægt að afhenda böggulinn eins og utanáskriftin segir, þá skuli hann:
- a. skoðaður sem yfirgefinn;
 - b. afhentur í ákvörðunarlandinu samkvæmt annari utanáskrift;
 - c. endursendur.
- Noti sendandi sér þessa heimild, verður beiðni hans að standa á bögglinum utanáskriftarmegin og á tollskránni, sem fylgir honum, og á hún að vera eins eða lík og einhver þessara fyrirmynda:
- „If not deliverable as addressed, Abandon“ (Sé ekki hægt að afhenda samkvæmt utanáskrift, er böggullinn yfirgefinn.)
- „If not deliverable as addressed, Deliver to“ (Sé ekki hægt að afhenda samkvæmt utanáskrift, afhendist böggullinn).
- „If not deliverable as addressed, Return“ (Sé ekki hægt að afhenda samkvæmt utanáskrift, skal böggullinn endursendur).
2. Bögglar, sem endursendast til upprunalslands vegna þess að þeim hefir ekki orðið komið til skila, skulu bera áritun um ástæðuna til þess.

10. gr.

Greiðslur.

1. Endastöðvargjöld þau, sem sendiland greiðir ákvörðunarlandi eru sem hér segir:
- I. Ísland greiði Bandaríkjum Ameríku:
- a. eftir þyngd:
70 gullsentíma fyrir kílógrammið, reiknað eftir samanlagðri nettóþyngd hverrar skráarafgreiðslu.
Þetta gjald gildir einnig fyrir böggla til Alaska. Gjaldið er lækkað niður í 35 gullsentíma fyrir kílógrammið fyrir böggla til Puerto Rico, Virgineyja, Guam, Samoa og Hawaii.
 - b. eftir verði (þegar um er að ræða böggla með tilgreindu verði) í viðbót við gjaldið eftir þyngd:
10 gullsentíma fyrir böggul með tilgreindu verði allt að 500 gullfranka.
- II. Bandaríki Ameríku greiði Íslandi:
- a. eftir þyngd:
Allt að 1 kílógrammi 80 gullsentíma.
Frá 1 að 5 kílógrömmum 125 gullsentíma
- | | |
|-----------|---------|
| — 5 — 10 | — 200 — |
| — 10 — 15 | — 350 — |
| — 15 — 20 | — 450 — |
- b. eftir verði (þegar um er að ræða böggla með tilgreindu verði) í viðbót við gjaldið eftir þyngd:
10 gullsentíma fyrir böggul með tilgreindu verði allt að 500 gullfranka.

Endastöðvargjöld þau, sem greind eru hér að ofan má lækka eða hækka, 8
 enda tilkynni hvor pósthjórinn hinna það með þriggja mánaða fyrirvara. Lækkun eða hækkun, sem gerð er, skal gilda eitt ár að minnsta kosti. 4. marz

2. Gjöld þau, sem greiða ber fyrir böggla frá annari hvorri pósthjórinni, sem sendir eru hinna til áframsendingar til eignarlands annarshvora landsins eða til þriðja lands, skulu ákveðin af pósthjór yfirfararlandsins.

11. gr.

Reikningsskil.

1. Hvor pósthjórinn um sig skal útbúa ársfjórðungslega reikning, er sýni upphæðir þær, er skuldast fyrir böggla, senda frá hinna pósthjórinni.
2. Reikningur þessi með tilheyrandi bögglastrám og leiðréttingarskýrslum, ef nokkrar eru, skulu sendir hinna pósthjórinni til athugunar í næsta mánuði á eftir ársfjórðungnum, sem þeir eiga við.
3. Endurskoðun og samþykkt á reikningunum skal gerð eins fljótt og auðið er og greiðslan á reikningsjöfnuðinum fara fram innan loka næsta ársfjórðungs á eftir.
4. Greiðslur á jöfnuðum samkvæmt þessum reikningum milli pósthjóranna skulu fara fram með tékkum á New York eða á hvern þann hátt annan, sem forstjórar pósthjóranna í samningslöndunum kunna á hverjum tíma að verða ástáttir um, og þannig, að pósthjórinn, sem skuldar, beri kostnaðinn við greiðsluna.

12. gr.

Ýmsar tilkynningar.

Pósthjórinnar skulu tilkynna hvor annari útdrátt af ákvæðum laga þeirra og reglugerða, sem gilda um böggla, sem skipst er á milli samningslandanna, svo að önnur ákvæði, sem nauðsynleg teljast til framkvæmda á pósthögglaviðskiptunum.

Reglugerð þessi skal ganga í gildi sama dag og pósthöggla-samningurinn, og vera í gildi jafnlangan tíma og sá samningur.

Gerð í tveim eintökum og undirskrifuð í Reykjavík hinn 11. október 1938 og í Washington hinn 31. október 1938.

(sign) **James A. Farley**
 póstmálastjóri
 Bandaríkja Ameríku.
 (L. S.)

(sign) **G. J. Hlíðdal**
 póst- og símamálastjóri
 Íslands.
 (L. S.)

The foregoing Regulations for the Execution of the Parvel Post Agreement between the United States of America and Iceland have been negotiated and concluded with my advice and consent and are hereby approved and ratified.

In testimony whereof, I have caused the seal of the United States to be hereunto affixed.

(sign) **Franklin D. Roosevelt.**

Seal
 By the President
 (sign) **Cordell Hull**
 Secretary of State.

Washington, November 10, 1938.

Samkvæmt lögum nr. 8 9. janúar 1935 fullgildist framanrituð starfsreglugerð hér með.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, Reykjavík, 4. marz 1939.

Skúli Guðmundsson.

G. J. Hlíðdal.